

3. Í stað orðanna „1. mgr. 13. gr.“ tvívegis í 3. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 118 23. desember 1993, kemur: 1. mgr. 62. gr.
4. Eftirfarandi breytingar verða á lögum um viðurkenningu og fullnustu erlendra ákvarðana um forsjá barna, afhendingu brottnuminna barna o.fl., nr. 160 27. desember 1995:
  - a. Í stað orðanna „63. gr. barnalaga um þinghöld og 75. gr.“ í 2. mgr. 13. gr. kemur: 3. mgr. 38. gr. barnalaga um þinghöld og 45. gr.
  - b. Í stað orðanna „4. mgr. 34. gr.“ í 17. gr. kemur: 43. gr.

*Gjört á Bessastöðum, 27. mars 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sólveig Pétursdóttir.*

## LÖG

### **um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama á við um hafnir með hafnarstjórn í eigu sveitarfélags.

2. gr.

Í stað orðanna „31. desember 2003“ í 1. málsl. ákvæðis til bráðabirgða X í lögnum kemur: 31. desember 2005.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. mars 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Geir H. Haarde.*